



Kópavogur 6. desember 2007.

Nefndasvið skrifstofu Alþingis

Efni: Umsögn um lagafrumvarp.

Sendandi: Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Mál nr.: 209.

Heiti: Greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB) fagnar því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram af félagsmálaráðherra um greiðslur til foreldra langveikra barna.

Allt frá stofnun félagsins hafa réttindamál verið ofarlega á baugi og hefur félagið verið í fararbroddi í réttindabaráttu foreldra langveikra barna um árabíl. Það er forsvarsmönnum félagsins sérstakt ánægjuefni að sjá að með fyrirliggjandi frumvarpi er öllum helstu kröfum þessa hóps síðastliðin 20-30 ár mætt með skynsamlegum og raunhæfum hætti.

Við yfirferð á frumvarpinu hefur einungis ein spurning komið upp sem okkur langar til að nefna hér.

Vegna 17. greinar frumvarpsins (c.-liður – Greiðslur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum).

Það er ljóst sú tekjuskerðing sem einstætt foreldri verður fyrir vegna alvarlegra veikinda barns hefur mun róttækari afleiðingar fyrir fjölskylduna heldur en tekjuskerðing annars hjóna. Það má því velta upp þeirri hugmynd hvort ekki sé rétt að auknar greiðslur til einstæðra foreldra séu hærri heldur en nefnt er í þessari grein (5.326 kr. með tveimur börnum og 13.846 kr. með þremur börnum). Það væri mun raunhæfara að segja að einstæðir foreldrar ættu rétt á tvöföldum barnagreiðslum (2x18.284 kr) með hverju barni.

SKB vill með bréfi þessu lýsa fullum stuðningi við frumvarpið að öðru leiti og jafnframt leggja áherslu á þá ósk félagsins að málið fái skjóta og örugga afgreiðslu Alþingis.

Virðingafyllst
Fyrir hönd SKB

Óskar Örn Guðbrandsson
Framkvæmdastjóri